

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 159/2004

frá 29. október 2004

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2004 frá 24. september 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 574/2004 frá 23. febrúar 2004 um breytingu á I. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002 um hagskýrslur um úrgang ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 912/2004 frá 29. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3924/91 um að hefja könnun á iðnaðarframleiðslu í Bandalaginu ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 27. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002):
„, eins og henni var breytt með:
- **32004 R 0574**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 574/2004 frá 23. febrúar 2004 (Stjtíð. ESB L 90, 27.3.2004, bls. 15).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4ab (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 210/2004):
„4ac. **32004 R 0912**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 912/2004 frá 29. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3924/91 um að hefja könnun á iðnaðarframleiðslu í Bandalaginu (Stjtíð. ESB L 163, 30.4.2004, bls. 71).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 574/2004 og 912/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 78 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 55.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 90, 27.3.2004, bls. 15.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 163, 30.4.2004, bls. 71.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. október 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.